

Togarakaupnefndin komin heim

SENDINEFNDIN, sem fór ut an á vegum Nýbyggingarráðs til þess að athuga möguleikana á að fá smíðaða togara fyrir okkur Íslendinga, kom heim flugleiðis frá Bretlandi síðastliðinn mánudag. — Í nefndinni voru þessir menn: Helgi Guðmundsson bankastjóri, Gunnar Guðjónsson skipamiðlari og Oddur Helgason útgerðarmaður.

Tíðindamaður frá Morgunblaðinu átti í gær tal við nefndarmennina og fjekk hjá þeim eftirfarandi upplýsingar um utanföruna, sem bar hinn giftusamlega árangur, eins og kunnugt er. —

Í Svíþjóð og Danmörku.

Þeir fjarlægjar fóru utan þ. 30. júní og hjeldu beina leið til Stokkhólms, flugleiðina. — Þeir dvöldu um sex vikur í Svíþjóð og Danmörku, og starfaði þar með þeim Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur.

Fyrst voru athugaðir möguleikar í Svíþjóð, að fá smíðaða togara þar. Var rætt við sænskar skipasmíðastöðvar, og voru til að byrja með góðar horfur á, að takast myndi að fá togara byggð í Svíþjóð fyrir hagstætt verð og með afhendingum á tiltölulega skömmum tíma. Var byrjað að ganga frá teikningum og útboðslýsingum. En á meðan þessu fór fram brugðu nefndarmenn sjer til Danmerkur, til þess að athuga möguleikana þar.

Í Danmörku áttu þeir viðræður við fulltrúa frá skipasmíðastöðvunum. Virtist þar vera mikill áhugi fyrir því, að smíða skip fyrir okkur. En hvorttveggja var, að skipasmíðastöðvarnar eru mjög uppteknar við smíði skipa fyrir Dani sjálfa, og svo hitt, að mikil óvissa var um útvegum efnis til skipanna. Varð því ekkert af samningum í bráð, og enn sem komið er hafa danskar stöðvar ekki treyst sjer til þess að gera ákveðin tilboð í smíði togara, enda munu vonir þeirra um útvegum efnis hafa brugðist að nokkru.

Var nú aftur haldið til Svíþjóðar. Hafði það tekið lengri tíma en ætlað var, að fullgera teikningar og útboðslýsingar. — Þetta varð til þess, að þeir fjarlægjar ákváðu að fara hið skjótasta til Bretlands, þar sem þeir — gegnum samband sem þeir voru í — fengu þær fregnir, að nauðsynlegt væri að komast hið fyrsta í tengsl við breskar skipasmíðastöðvar, ef nokkur von ætti að vera að fá skip byggð þar. Hjeldu því nefndarmennirnir þrír til Bretlands, en Ólafur Sigurðsson varð kyr í Svíþjóð, til þess að taka á móti tilboðum þar.

Í Bretlandi.

Þeir fjarlægjar komu til Bretlands um miðjan ágúst og tóku þegar til starfa þar.

Eftir viðræður við helstu togaraskipasmíðastöðvar Breta, tókst þeim nefndarmönnum að fá því framgengt, að 5 stærstu stöðvarnar hefðu samvinnu um byggingu togara fyrir okkur Íslendinga, þannig að innkaup efnis og vjela yrði sameigin-

Stutt viðtal við nefndarmenn

leg og gerðu allar tilboð að sama verði.

Var það einróma álit nefndarmanna, að fyrir þessa tilhögun hafi tekist að fá allmikið hagkvæmari kjör, bæði um verð skipanna og afhendingartíma, auk þess sem sterkari aðstaða fengist við útvegum nauðsynlegra byggingaleyfa breskra stjórnarvalda. En fram að þessu höfðu bresk stjórnarvöld aðeins veitt byggingaleyfi fyrir 6 togara til Íslendinga.

Niðurstaðan af viðræðunum við skipasmíðastöðvarnar varð sú, að þeir nefndarmenn fengu á hendina um nokkurra daga skeið bygginga-pláss fyrir 30 togara hjá 5 stöðvum, með ákveðnu grunnverði á þrem ákveðnum stærðum og gerðum skipa, þó þannig, að kaupendur skipanna geta breytt til.

Skjót og góð afgreiðsla hjer heima.

Var nú Nýbyggingaráði símað hvernig málin stæðu, og ósk að umboðs til þess að festa stöðvarplássin, að því tilskyldu, að bresk stjórnarvöld veittu leyfi til bygginganna.

Vegna mikilla eftirspurna frá öðrum fiskveiðabjóðum var ekki kleift að gefa nema öruttan frest. — Varð það okkur ákaflega mikils virði, sögðu nefndarmenn, hve skjótt og ákveðið Nýbyggingaráð og ríkisstjórnin brugðust við hjer heima. Svarið kom að heiman rokku áður en fresturinn var liðinn. — Er það álit okkar, að ef svarið hefði verið ó-

komið, er fresturinn var útrunninn, myndi mikil hætta hafa verið á því, að „plássin“, sem okkur voru ætluð í skipasmíðastöðvunum, hefðu tapast og aðrir fengið þau í okkar stað.

Útvegum leyfa.

Jafnframt því sem nefndarmenn stóðu í samningum við skipasmíðastöðvarnar, áttu þeir viðræður við hlutaðeigandi bresk ráðuneyti og fóru fram á, að Íslendingum yrði veitt leyfi fyrir 24 togurum í viðbót við hin sex leyfi, sem áður voru veitt fyrir milligöngu sendiráðsins í London.

Fyrir sjerstakan skilning Breta á þörfum okkar Íslendinga, urðu þau málalok, sem nú eru kunn, að leyfi voru veitt fyrir öllum skipunum.

Var þá þegar gerður bráðabirgðasamningur við skipasmíðastöðvarnar um skiftingu hinna 30 togara milli stöðvanna. Munu nú af hálfu ríkisstjórnarinnar verða sendir sjer fróðir menn til þess að ganga endanlega frá samningum um smíði skipanna, samkvæmt ósk um hinna endanlegu kaupenda skipanna.

Þetta var í fám orðum frásögn þeirra þremmenninga, sem fóru utan í sumar á vegum Nýbyggingaráðs. Um það verður ekki deilt, að för þeirra tókst með ágætum, enda hafa fáar fregnir glatt Íslendinga meir, en tíðindin um smíði 30 nýnsku togara.

Búnaðarráð

kom saman á fyrsta fund í gær og voru þar mættir tuttugu og einn aðalmaður, sem skipaðir voru í ráðið. Einn maður Jónast Kristjánsson mjólkurbússtjóri á Akureyri neitaði að taka sæti í ráðinu, án þess að um forföll væri að ræða og skipaði ráðherra nýjan aðalmann Ólaf Bjarnason bónda á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi, í hans stað. Björn Runólfsson hreppstjóri í Holti, var forfallaður og sömuleiðis varamaður hans, Kjartan L. Markússon bóndi í Suður-Hvamm. Skipaði ráðherra Benedikt Gíslason frá Hofteigi, bónda á Helgastöðum til að mæta meðan forföll þessara manna standa yfir.

Fyrir Gísla Helgason, bónda í Skógargerði, mætir varamaður Aðalsteinn Jónsson bóndi á Vaðbrekku og fyrir Snæbjörn Thoroddsen bónda í Kvígindisdal, mætir varamaðurinn Magnús Ingimundarson hreppstjóri í Bæ í Króksfirði.

Matvæli til Vínar

LONDON: Bretar hafa nýlega sent 2800 smálestir af matvælum til Vínarborgar, til þess að reyna að bæta úr skorti þeim, sem nú er mjög áberandi þar í borginni. Tjó naf bardögum hefir orðið afskaplegt þar

— De Gaulle

Frámhald af 1. síðu

ekki ríkja sama öryggisleysið og áður.

Þessvegna væri það, að vonast væri eftir fjórða lýðveldinu, þar sem friður og öryggi ríkti, de Gaulle sagði, að í þjóðarkosningunum, sem stæðu fyrir dyrum yrðu kjósendur spurðir tveggja spurninga:

„Viljið þjer að þingið verði umbjóðendabing? Á að skipuleggja þjóðarvaldið eftir bráðabirgðareglum þar til ný stjórnarskrá hefir verið saminn?“

„Jeg er alveg viss um, sagði de Gaulle, að mikill meiri hluti frönsku þjóðarinnar mun svara þessum spurningum játandi og með því að svara þeim játandi sýnir þjóðin vilja sinn til að skapa nýtt skipulag í stað þess sem ríkti fyrir stríð“

Grehardtson endurkosinn.

LONDON: Fregnir frá Oslo herma, að Einar Gerhardtson forsætisráðherra Norðmanna hafi verið endurkosinn forseti afnaðarmannaflokksins norska. Þeir sem í stjórn voru með honum, voru einnig endurkosnir. —

Knattspyrnan á sunnudag:

K.R. er úr Waltherskepninni

Og Víkingur úr Watsonkepninni

LEIKIRNIR á sunnudaginn fóru þannig, að í Meistaraflokki sigraði Valur K. R. með 4 mörkum gegn einu, en í öðrum flokki vann Fram Víking með 4—2 eftir framlengdan leik. Er því K. R. úr Waltherskepninni og Víkingur úr Watsonkepninni. — Í leikjunum vakti mesta athygli hin ágæta frammistaða hins margreynda útframherja Ellerts Sölvasonar, sem flestir Íslendingar ættu að vita að er í Val. Hann skoraði þrjú mörk, auk eins, sem dæmt var ógilt, og sýndi skínandi góðan leik.

Annars flokks leikurinn, sem var háður á undan, var ekki nærri nógu góður. Lítil samleikur hjá hvorumtveggja, og menn heldur ófimir með knöttinn að flestu öðru leyti. Fram hafði mun meiri sókn allan leikinn, en upphlaup Víkinga voru fult eins skæð. Framarar gerðu mark snemma í fyrra hálfleik, en Víkingar kvittuðu síðast í hálfleiknum. — Í síðari hálfleik skoruðu Víkingar fljótt mark, en er hálfleikurinn var að enda, jöfnuðu Framarar. — Var því framlengt, og þótti sumum sírt í broti, að Valur og K. R. skyldu ekki koma strax út á völlinn. — Í fyrri hálfleik framlengingarinnar gerðist ekkert merkilegt, en í þeim seinni fengu Framarar tvö mörk (Víkingar settu annað hjá sjálfum sjer), og unnu þannig leikinn 4—2. Skástu menn fanst mjer hægri bakvörður Fram og hægri framvörður Víkinga, sem er mikið efni. Hrólfr Benedikts son dæmdi þenna leik, en línuverðir voru feikna rólegir.

Síðan brunuðu meistaraflokkarnir inn á völlinn, hinir gömlu, voldugu keppinautar og hugðust menn nú sjá bardaga, sem um munaði. Og bardagi var það líka allan leikinn út, þótt aldrei væri óvíst um úrslitin. — Munu og margir hafa hugsað það, þegar þeir fóru að athuga leikmenn, að K. R.-ingum myndi ekki auðvelt að vinna þenna leik, þar sem Birgir Guðjónsson, Óli B. Jónsson og Guðbjörn Jónsson voru ekki með. Leikið var af miklum krafti og flýti, og ekki er liðið mikið af fyrri hálfleik, er Valur skoraði fyrsta mark sitt úr þvögu. Og brátt kom svo Ellert til sögunnar.

Ellerts þáttur Sölvasonar.

Skömmu eftir að þetta hafði skeð, snaraði Ellert Svölason, sem þegar skal tekið fram, að leikur vinstri útherja Vals, sjer laglega inn á völlinn með knöttinn, ljek á tvo menn og skoraði með háu skoti. Einhverra hluta vegna (mjer óljósra), var þetta mark dæmt ógilt. En Ellert var ekki af baki dottinn. Örfáum mínútum síðar, veður hann aftur „gegnum“ tvo-þrjá menn og skorar enn með háu skoti upp í hornið. Nú var dæmt mark. Mikið meira gerðist ekki í þessum hálfleik, þar sem Valur ljek undan nokkrum vindi. Snemma í síðari hálfleik skoraði svo Hafliði, sem nú ljek miðframherja, fyrir K. R. með snjöllu skoti, og svo fór Ellert enn á stúfana og setti tvö mörk,

bæði á þann hátt að hann sneri K. R.-ingunum kringum sig og skaut síðan. Síðara skotið átti markaður K. R. þó að verja. Lauk svo leiknum 4—1 Val í vil og er K. R. því úr Waltherskepninni.

Leikur og leikmenn.

Valsliðið var gott að mörgu leyti, og einnig K. R.-liðið, þrátt fyrir vöntun á ýmsum snillingum sínum. Hraði var mikill í leiknum, en harka helst til mikil í seinni hálfleik. Það dugir ekki. — Vörn Vals var mjög styrk, og sóknin ljek oft laglega, þótt Ellert einn skaraði þar fram úr.

K. R.-ingarnir höfðu, sem von var, þurft að breyta mikið um stöður á vellinum, og var heildarsvipur liðsins þar af leiðandi ekki eins mikill. Leikur framlínunnar var nokkuð í molum, en dug og hraða skortli liðið ekki. Ólafur var á vinstra kanti í fyrri hálfleik, og nýttist þar ekki og jeg held að Hafliði hefði verið betri sem innerherji. — En hvað um það, svo fóru leikar. Þráinn Sigurðsson dæmdi, en línunnar gættu Karl Guðmundsson og Sæmundur Gíslason úr Fram. Voru þeir minst 100 sinnum betri en línuverðirnir í fyrri leiknum.

J. Bn.

Sýrlandsþing samþykkir sáttmála sameinuðu þjóðanna

BEIRUT í gær: — Sýrlandsþing samþykkti í dag sáttmála hinna sameinuðu þjóða. Viðstaddir umræðurnar, sem voru allsnarpar á köflum, voru sex amerískir fulltrúadeildarþingmenn, sem eru á ferðalagi um Evrópu, Litlu-Asíu og Indland.

Fyrverandi forsætisráðherra Sýrlands ljek svo um mælt, að samþykkt sáttmálans gæti þýtt, að Sýrlandsþing legði blessun sína á óbreytt ástand í Palestínu, þvert ofan í yfirlýsingu Arabaþingsins í Cairo. Sáttmálinn var samt samþykktur einróma, en ályktun gerð þess efnis, að Sýrlandsþing væri ekki bundið við, að samþykkja óbreytt stjórn málaástand í Palestínu og Transjordan, sem Sýrlandsþing skoðar sjálfstæð ríki í samræmi við yfirlýsingu Arabaráðstefnunnar í Cario.

—Reuter.